

10. nóvember 2020

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á Himneskt Lífrænt Hvítt Tahini 250gr

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Himneskt Lífrænt Hvítt Tahini 250gr** sem varúðarráðstöfun.

Ástæða innköllunarinnar er að leifar af varnarefninu *etýlen oxíð* hafa fundist í einni af framleiðslulotum vörunnar.

Innköllum stendur yfir en varan hefur fengist í verslunum Bónus og Hagkaups.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: Himneskt Lífrænt Hvítt Tahini 250gr

Strikamerki: 5690350060028

Nettómagn: 250g

Best fyrir dagsetningar: 31.03.2023 með lotunúmer L3320077

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaups sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta vörunnar og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

